



Frumvarp til laga um stjórn vatnamála

Dagur vatnsins
22. mars

Betra vatn til framtíðar

Sigríður Auður Arnardóttir

Tillögur nefndar - frumvarp til laga um stjórn vatnamála



- Nefnd sem skipuð var fulltrúum frá umhverfissráðuneytinu, Umhverfisstofnun, iðnaðarráðuneytinu, sjávarútvegs- og landbúnaðaráðuneytinu, Samtökum atvinnulífsins, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og frjálsra félagasamtaka skilaði tillögum sínum til sínum að lagafrumvarpi til umhverfissráðherra í febrúar sl.
- Miðað er við að frumvarpið verði lagt fyrir Alþingi nú í vor
- Frumvarp til vatnalaga unnið af hálfu iðnaðarráðherra



- 1. Markmið frumvarps**
- 2. Uppbygging frumvarps og helstu efnisþættir**
- 3. Stjórn vatnamála - fyrirkomulag**
- 4. Umhverfismarkmið**
- 5. Vatnastjórnunar- og aðgerðaráætlun og áhrif þeirra**
- 6. Kynning áætlana**



- Frumvarpið skiptist í fimm kafla:
 - **I. Kafli** Markmið, gildissvið og skilgreiningar
 - **II. Kafli** Stjórnvöld vatnamála
 - **III. Kafli** Umhverfismarkmið
 - **IV. Kafli** Áætlanir
 - **V. Kafli** Kynning og réttaráhrif áætlana
 - **Ákvæði til bráðabirgða**

Markmið frumvarps



- Frumvarpið byggir á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB um aðgerðarramma Bandalagsins um stefnu í vatnsmálum, **vatnatilskipuninni**
- **Meginmarkmið frumvarpsins eru:**
 - að vernda vatn, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa, votlendis og vistkerfa sem háð eru vatni til að stuðla að því að vötn njóti heildstæðrar verndar
 - Stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem byggir á langtímaverndun vatnsauðlindar
- **Stýritækin** til að ná fram markmiðunum eru vatnstjórnunar-, aðgerðar- og vöktunaráætlun og framfylgd þeirra



- **Umhverfisráðherra, Vatnaráð og Umhverfisstofnun** í samstarfi við **rágjafanefndir og vatnasvæðanefndir** fara með stjórn vatnamála
- Í **Vatnaráði** eru 5 fulltrúar stjórnvalda, umhverfis-, sjávar- og landbúnaðar-, iðnaðarráðuneyti og Sambandi íslenskra sveitafélaga. Hefur yfirumsjónarhlutverk með stjórn vatnamála og gerir tillögur til ráðherra um staðfestingu áætlana
- **Umhverfisstofnun** annast stjórnssýslu á sviði vatnsverndar í samræmi við ákvæði frumvarpsins.
- Sérfræðistofnanir og vatnasvæðanefndir leggja fram sérfræðipækkingu og gögn

Ríkisstjórn

Umhverfisráðuneytið



Umhverfisstofnun
Veðurstofa Íslands
Landgræsla ríkisins
Skipulagsstofnun
Náttúrufraeðistofnun Ísl.

Sjávarútvegs- og landbúnaðar-
ráðuneyti



Veiðimálastofnun
Hafrannsóknastofnunin
Matvælastofnun
Fiskistofa

Iðnaðarráðuneyti




Orkustofnun

Sveitarstjórnir

Skipulags- og bygginganefndir

Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga




Stöðuskýrsla -> ástand
 Vatnaáætlun -> stefnumótun
 Aðgerðaáætlun -> úrbætur
 Vöktunaráætlun -> eftirfylgni


Vatnasvæðanefndir I, II, III, IV,

- virk samvinna heimamanna, stofnana og hagsmunaaðila
- vöktun og eftirfylgni í héraði

Samráð er meginstefið í stjórn vatnamála




Landfræðileg afmörkun frumvarpsins





Vatnaumdæmi, vatnasvæði og vatnasvið

- Allt vatnasvið Íslands, árósar og strandsjór er **eitt vatnaumdæmi**
- **Vatnaumdæmi** er skilgreint sem eitt eða fleiri aðliggjandi vatnasvæði ásamt grunnvatni, árósavatni og strandsjó sem tengjast þeim og sem mynda eina stjórnsýslueiningu
- **Vatnaráðið** sér um stjórn vatnaumdæmisins
- Vatnaumdæmið skiptist í **vatnasvæði** en það eru landssvæði með einu eða fleiri vatnasviðum
- **Vatnasvæðanefndir** verða starfræktar á hverju vatnasvæði




Skyldur stjórnvalda í vatnaumdæminu



- Vinna *vatnastjórnunaráætlun*
- Vinna *aðgerðaáætlun*
- Vinna *áætlun um vöktun* á ástandi vatns og verndaðra svæða
- Setja *umhverfismarkmið* fyrir einstök vatnshlot í vatnaumdæminu
- Gera skrá yfir *vernduð svæði*

Flokkun vatns





Vatnastjórnunaráætlun og aðgerðaáætlun

- Vatnastjórnunaráætlun og aðgerðaráætlun eru tæki til að framfylgja markmiðum frumvarpsins
- Í **vatnastjórnunaráætlun** er m.a. að finna lýsingu á eiginleikum vatnaumdæmisins, þar eru tilgreind umhverfismarkmið fyrir vatnshlot, lýsing á helsta álagi, skipting í vatnasvæði, samantekt á aðgerðaráætlun og samráði við almenning
- Í **aðgerðaráætlun** eru tilgreindar þær aðgerðir sem nauðsynlegar eru til að ná fram þeim umhverfismarkmiðum sem sett hafa verið
- **Vöktunaráætlun** er áætlun um vöktun á ástandi vatns₁₅ og svæða sem njóta verndar innan vatnaumdæmisins

Áhrif vatnastjórnunaráætlunar á aðra áætlanagerð og leyfisveitingar



- Opinberar áætlanir stjórnvalda skulu vera í samræmi við stefnumörkun vatnastjórnunaráætlunar varðandi vatnsvernd
- Samræma skal skipulagsáætlanir að vatnastjórnunaráætlun við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlana
- Leyfisveitendur vegna vatnsnýtingar og annara framkvæmda eiga að tryggja að leyfi séu í samræmi við stefnumörkun í vatnastjórnunaráætlun varðandi vatnsvernd

Kynning vatnastjórnunaráætlunar



- Mikilvægt að vinna við gerð vatnastjórnunaráætlunar sé gagnsæ og samráð við hagsmunaðila, sveitarfélög og opinberar stofnanir sé virkt – gott samráð leiðir til betri árangurs
- Krafa um víðtæka opinbera kynningu vatnastjórnunaráætlunar og áföngum hennar með rúnum tímafrestum
- Umhverfisstofnun sér um kynninguna
- Tillaga að vatnastjórnunaráætlun á að kynna í síðasta lagi einu ári áður en hún gengur í gildi og frestur til athugasemda eru 6 mánuðir

Ávinningur frumvarpsins



- Vatn er verðmæt auðlind sem ber að vernda, standa vörð um og fara vel með
- Lög um stjórn vatnamála eiga að tryggja sjálfbæra nýtingu og langtímaverndun vatns
- Með framkvæmd laganna verður hægt er að sýna fram á með viðurkenndum hætti hvaða verðmæti felast í íslensku vatnsauðlindinni
- Allir njóta góðs af eins og íbúar, stjórnvöld, landbúnaður, matvælaframleiðendur og nýtingaraðilar